

Umsögn Önnu Eiríksdóttur vegna Stafholts, Borgarbyggð.

Um leið og ég geri alvarlegar athugasemdir við þær tillögur sem fram koma í 8.máli kirkjuþings 2022, vil ég koma eftirfarandi á framfæri.

1. **Með vísan í auglýsingu um embætti sóknarprests í Stafholtsprestakalli frá 2020 segir í málsgr. 5 :**
Sóknarnefndirnar leggja ríka áherslu á að sóknarprestur sitji prestssetrið í Stafholti. Það varðar sögulega og menningarlega ásýnd héraðsins að Stafholt sé setið, staðnum, kirkjum og kirkjugörðum í prestakallinu sé vel sinnt.
2. Prestsetrið í Stafholti var byggt árið 2011 og fór á sínum tíma fram samkeppni um hönnun hússins með það að leiðarljósi að það gæti nýst söfnuðinum við kirkjulegar móttökur etc, auk þess að vera heimili sóknarprests. Tekið var mið af því að ekkert safnaðarheimili er til staðar fyrir kirkjurnar í Stafholtsprestakalli.
3. Í september 2020 fékk undirrituð í hendur haldsbréf, samning um umráð og afnot af prestssetri í Stafholti, hér eftir nefndur umráðamaður Stafholts í Borgarbyggð.

Ég undirrituð hef samviskusamlega staðið við það samkomuleg sem við mig var gert í september 2020 þegar ég var ráðin til starfa sem sóknarprestur í Stafholtsprestakalli. Ég hef greitt umsamda leigu ásamt öðrum gjöldum sem húsinu fylgir, annast hagsmunagæslu fyrir eiganda jarðarinnar (kirkjumálasjóð), séð um að tún séu slegin og girðingar lagfærðar etc. Eðlilegt væri að sá tími sem fer í það hjá umsjónarmanni að annast umsýslu jarðarinnar væri metinn til tímakaups, sér í lagi í ljósi þess að öll hlunnindi jarðarinnar renna óskert til kirkjumálasjóðs. Rétt er að taka tillit til þessa.

Það er ljóst að þegar prestur sækir um nýtt starf þá vegur hann og metur kjör sín áður en af stað er haldið, bæði réttindi og skyldur, sem og skipuleggur hann/hún daglegt líf sitt út frá gefnum forsendum sem um er samið. Með 8. máli kirkjuþings 2022, lít ég svo á að það sé verið að bregða fæti fyrir starfandi presta úti á landsbyggðinni sem alla jafna þurfa að reiða sig á afar viðkvæmt búsetuástand.

Bent hefur verið á að taka verði tillit til ábúendalaga áður en hægt verður að ráðast í breytingar sambærilegar við þær sem um ræðir í 8.máli.

Það var álit lögfræðings sem ég leitaði til varðandi tillögur 8.máls, um einhliða hækkun húsaleigu fyrirtækis á starfsmann, að einungis væri hægt að réttlæta hækkun húsaleigu ef laun viðkomandi starfsmanns/konu yrðu hækkuð til samræmis.

Það væri áhugavert að kanna þessi lög betur.

Skerðing á lífsviðurværi presta hefur með kjaramál að gera og því er eðlilegt að 8. mál kirkjuþings verði hluti af þeim kjaraviðræðum sem framundan eru hjá PÍ – Að öðrum kosti er æskilegt að málinu verði frestað og að það fái meira tíma til faglegrar umfjöllunar.

Stafholt, 22. nóv. 2022

Með vinsemi og virðingu,

Sr. Anna Eiríksdóttir

Sóknarprestur í Stafholti